

Kontrabassaleikarinn: Árni Pétur Guðjónsson leyfir gestum sínum að heyra möguleika hljóðfærisins – eða, er einhver þarna? Mynd: Sig.

Frú Emilía sýnir

Kontra-bassann


Hefur kontrabassaleikarinn einhverja möguleika á að ná í sópransöngkonuna?

Uppi á lofti í bakhúsinu við Laugaveg 55 eru nú hafnar sýningar á leikritinu Kontrabassinn eftir Patrick Süskind. Kontrabassaleikarinn er einn heima hjá sér, – með kontrabassanum, einn eftirmiðdag, áður en hann fer í vinnuna í Óperunni um kvöldið. Hann er stoltur af sínum bassa, og gerir mikið úr mikilvægi hans í hljómsveitinni, eða... Kannski er bassinn bara skítahljóðfæri. Stór og þungur og getur ekki gefið frá sér nein almennileg hljóð. Bara einhverjar drunur. Og hefur kontrabassaleikari einhverja möguleika á að ná í sópransöngkonu? Tekur yfirleitt nokkur eftir honum? Hefur hann möguleika á að láta taka eftir sér? Eða er hann dæmdur til ævilangrar þrælkunarvinnu, hlekkjaður við bassann, – í hljóðeinöngruðu herbergi?!

Kontrabassaleikarinn er einn þeirra sem enginn sér. Sem enginn tekur eftir. Hann er þarna bara með allar sínar vonir, þrár og drauma, og kannski mun aldrei neitt gerast í hans lífi. Kannski tekst honum aldrei að breyta neinu. Kannski.

Að sýningunni stendur leikhópurinn Frú Emilía, sem í þetta sinn eru leikstjórinn Guðjón P. Pedersen, Guðný B. Richards sem sér um leikmynd og búninga, Ólafur Örn Thoroddsen ljósamaður og Árni Pétur Guðjónsson sem leikur kontrabassaleikarann. Þýðendur leikritsins eru Hafliði Arngrímsson og Kjartan Óskarsson.

LG



Kjarvalsstaðir

Fjöru-menn

Sæmundur Valdimarsson sýnir skúlptúra úr rekaviði

Í dag kl. 14:00 opnar Sæmundur Valdimarsson sýningu á skúlptúrum úr rekaviði, á vesturgangi Kjarvalsstaða.

Sæmundur fæddist árið 1918 að Krossi á Barðaströnd og var búsettur þar til fullorðinsára. Árið 1948 fluttist hann til Reykjavíkur, og hefur síðustu þrjátíu ár stundað vaktavinnu í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Hann fór að setja saman myndir úr steinum og rekaviði um 1970, tók fyrst þátt í samsýningu 1974, og hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1983.

Sýningin sem opnar á Kjarvalsstöðum í dag er sjötta einkasýning Sæmundar og ber yfirskriftina Fjörumenn. H ún stendur til sunnudagsins 6. mars.

LG

Kammersveitin og fíflarinn

Kammersveit Reykjavíkur hélt tónleika í Bústaðakirkju sunnudaginn 7. febrúar. Þeir hófust á merkilegu tónverki eftir Benjamin Britten. Það var Canticle 11, „Abraham og Ísak" op. 51. Þorsteinn Gauti Sigurðsson lék á píanóið af hreinni snilld. Hvað er þessi maður annars að bedrífa? Kenna smábörnum á píanó? Er til meiri lukka fyrir listamenn en vera þegn þessarar hamingjusömustu og bjartsýnustu þjóðar heimsins? Einsöngvarar voru Sverrir Guðjónsson kontratenór og Gunnar Guðbjörnsson tenór. Þeir sungu svo vel að maður vissi ekki hvaðan stóð á sig veðrið. Alla vega var það ekki íslensk norðanátt. Það var eins og mildur sunnanþeyr úr þeim löndum þar sem sönglistin á ætt og óðul. Þessir menn eru báðir ungir að árum og verður gaman að fara á tónleika þegar þeir verða orðnir skólaðir og lífsreyndir.

Annars voru þessir tónleikar tileinkaðir 150 ára afmæli Max karlsins Bruch. Hann var fæddur um svipað leyti og Brahms en dó hundgamall árið 1920. Var hann þá eins og egypsk múmía á safni innan um alla módernistana. Þó var Bruch auðvitað mikill músikant. En tíminn er miskunnarlaus. Hann eyðir öllum nema mestu snillingunum. Á tónleikunum var leikin septett eftir Max litla því hann var aðeins ellefu ára er hann samdi verkið sem fannst þó ekki fyrr en árið 1981. Þó það kunni að vera mikið afrek af ellefu ára gutta, er það í sjálfu sér svo ótrúlega andlaus og leiðinlegt að ég hélt að blessað barnið ætlaði að gera út af við oss alla. Það var þó bót í máli að músikin, ef músik skyldi kalla, var ágætlega leikin þó mig gruni að hljóðfæraleikurunum hafi þótt lítið gaman að spila hana. Hitt verkið eftir Bruch sem flutt var á þessum konsert var tríó op. 83 fyrir klarinettu, lágfiðlu og píanó. Það var prýðilega leikið af Einari Jóhannessyni, Helgu Þórarinsdóttur og Þorsteini Gauta Sigurðssyni. Tónskáldið var 72 ára er hann setti verkið saman og hefur sennilega verið orðið barn í annað sinn því ég merkti enga framför í leiðindum frá fyrra barnabrekinu nema hvað hið síðara var miklu styttra. Er það að vísu ekki svo lítil lífsviska að læra að stytta mál sitt, sérstaklega þegar um þá menn er að ræða sem ættu tvímælalaust alltaf að þegja. Þar með lauk þessu afmælispartýi og þarf ég sennilega ekki að hafa meiri áhyggjur af Bruch gamla það sem ég á eftir ólifað. Ég verð örugglega dauður þegar hann verður 200 ára. Og er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

En nokkrum dögum seinna voru stórmerkilegir tónleikar í Fríkirkjunni. Þar lék ungur og



SIGURÐUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

óþekktur fiðluleikari frá Slóveníu en hún er innan landamæra Júgóslavíu. Hann heitir Miha Pogacnik. Hann lék eingöngu Bach. Og ekki réðst hann á garðinn þar sem hann er lægstur. Hann gerði sér lítið fyrir og flutti í einni lotu fjögur stórverk. Hann byrjaði á chaconnu úr partítunni nr. 2, þá lék hann sónötu nr. 1, partítu nr. 3 og loks sónötu nr. 3. Pogacnik er mikill virtúós. Hann lék líka af miklum krafti og hita. En nákvæmni hans fannst mér stundum nokkuð ábótavant. Og mér fannst skorta eitthvað sem erfitt er að lýsa; eins konar innri spennu sem ég skynja í þessari músík. En eigi að síður voru þetta sannarlega áhrifamiklir tónleikar frábærs listamanns. Og hugsjónamanns! Eftir tónleikana flutti Pogacnik mjög einlæga og fallega ræðu til áheyrenda. Hann vill sameina mannkynið með listinni ofar truarbrögðum, þjóðerni og annarri sýndaraðgreiningu er klýfur það í andstæða hópa. Til þess ferðast hann land úr landi og spilar fyrir fólk. Hann neitar að leika inn á hljómplötur. Hann vill að listin sé beint andlegt samband milli flytjenda og áheyrenda. Það má nærri geta hvort slíkur maður heimtar háar fjárfúlgur sjálfum sér til handa til að færa heiminum list sína. Hann er enginn Axkhenazy, sem fór í fýlu og neitaði að leika með einhverri frægustu hljómsveit heimsins Paganinitilbrigði Rakkmaninovs, af því hann fékk ekki þá þóknun sem hann setti upp fyrir konsertinn. En það voru ein lítil árslaun lægst launaðra verkamanna á Íslandi í dagvinnu. Og þessir herrar hafa efni á að geispa um ófrelsi og kúgun. Þó ekki alls staðar. Bara sums staðar. En fátækt er líka ófrelsi. Og með peningum má kaupa ýmiss koanr frelsi. Fátækustu stéttirnar í svokölluðum lýðræðisríkjum vesturlanda eru ekki hóti frjálsari en almenningur í þeim löndum þar sem „andlegt ófrelsi" er við lýði. En þetta eiga margir erfitt með að skilja eða vilja ekki skilja. Þeir byggja sér bara stærstu og fínustu einbýlishús sem reist hafa verið í einu landi. Þeim er svo umhugað um frelsi og jafnrétti. Þeir hafa allt það frelsi sem yfirleitt er til á þessari jörð. Enda snobbar lýðurinn og skríður fyrir þeim eins og þeir séu guðir. Þá vil ég heldur snillinga eins og hann Miha Pogacnik. Aldrei sá Schubert grænan eyri. Ekki Mozart. Og Bach var fátækur barnamaður og vinnuþræll. En auður þessara manna kom innan frá. þeir lifðu stöðugt í dyrð heilags anda. Og hans gjaldmiðill er ekki $. Og sem betur fer eru slíkir menn ekki útdauðir. Þeir eru kannski stimplaðir barnalegir draumóramenn. Og það eru þeir vissulega ef aðalatriði lífsins er það að skara eld að sinni köku og velta sér upp úr auðvirðilegum nautunum. En frá andlegu sjónarmiði eru þessir draumóramenn salt jarðar.

Sigurður Þór Guðjónsson